

Fundargerð

Hópur: Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla – þriðji fundur.

Starfsmaður: Ásgeir Björgvinsson Skóla – og frístundasviði sem ritaði fundargerð.

Fundardagur: 16. september 2011

Tími: 8:30-10:30

Fundarstaður: Korpuskóli

Viðstaddir:

Frá Korpuskóla

Margrét Einarsdóttir skólastjóri
Björg Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna
Laufey Einarsdóttir fulltrúi starfsmanna
Inga Dóra Hrólfsdóttir fulltrúi foreldra
Olga B. Gísladóttir fulltrúi foreldra

Frá Víkurskóla

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri
Brynja Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna
Þorkell Logi Steinsson fulltrúi starfsmanna
Rósa Hjartardóttir fulltrúi foreldra

Frá Frístundamiðstöðinni Gufunesbær

Þóra Melsted deildarstjóri Barnasviðs

Frá Skóla – og frístundasviði

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi

Verkefni og markmið fundar:

- Verkefnagreining

Þetta gerðist:

1. Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi á Skóla – og frístundasviði kynnti fyrirhugaða verkefnagreiningu fyrir hópnum. Verkefnið, sem unnið var á fundinum, felst í því að greina eftirfarandi fimm þætti:
 - Hagsmunaaðila sameiningarinnar eins og nemendur, starfsfólk, stjórnendur og foreldra,
 - væntingar hagsmunaaðila,
 - markmið stýrihópsins til að koma til móts við væntingar hagsmunaaðila,
 - mælanleg markmið svo hægt sé að mæla hversu vel hefur tekist til að koma til móts við væntingar hagsmunaaðila,
 - leiðir til að ná þessum markmiðum og koma til móts við væntingar hagsmunaaðila.

Hópurinn vann saman skv. ofangreindu og voru hugmyndir fulltrúanna skráðar niður jafnóðum. Með hjálp tölvu og myndvarpa gátu fulltrúarnir fylgst með skráningu uppi á vegg.

Niðurstöður þessarar vinnu munu birtast í verk- og tímaáætlun fyrir sameiningarverkefnið. Sú áætlun verður gerð aðgengileg á vefsvæði hópsins.

Eftirtaldar ákvarðanir voru teknar:

- Næsti fundur fer fram miðvikudaginn 28. september kl. 14.30 í Víkurskóla. Einnig var hætt við fund 21. október vegna utanlandsferðar starfsmanna skólanna á þeim tíma.
- Á næsta fundi verður haldið áfram með verkefnagreiningu.

Fundi slitið kl. 10:30